



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



UPPHAFSTÓNLEIKAR

LUGANSKY GO TORTELIER



8. SEPTEMBER 2016

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd:

Píanókonert: 40'

Dafnis og Klói: 45'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

FIM 08 SEP 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

LUGANSKY OG TORTELIER

Yan Pascal Tortelier
hljómsveitarstjóri

Nikolai Lugansky
einleikari

EFNISSKRÁ

Sergej Rakhmanínov

Píanókonsert nr. 3 í d-moll, op. 30 (1909)

Allegro ma non tanto

Intermezzo: Adagio – poco più mosso –

Finale: Alla breve

HLÉ


Maurice Ravel

Dafnis og Klói, ballett (1912)

Fyrsti hluti: Inngangur – Helgidans – Dafnis og Darcon keppa um hylli Klói – Sjóræningjarnir

Annar hluti: Inngangur – Stríðsdans – Klói biðst vægðar – Pan birtist og rekur sjóræningjana á brott

Þriðji hluti: Dögun – Dafnis og Klói dansa – Lokadans



YAN PASCAL TORTELIER

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Yan Pascal Tortelier hefur þrisvar sinnum áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann kom fyrst á Listahátíð í Reykjavík sumarið 1998 og stjórnaði verkum eftir Ravel, Hindemith, Fauré og Berg. Hann sneri aftur í Eldborg haustið 2012 þar sem hann stjórnaði Sinfóníu í d-moll eftir César Franck og Martin Fröst lék einleik í Peacock Tales eftir Anders Hillborg, og síðan vorið 2015 þar sem fyrsta sífónía Tsjaikovskijs var á efnisskránni auk þess sem Hákan Hardenberger lék trompetkonsert eftir Henri Tomasi.

Yan Pascal Tortelier er nýr aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og tíundi stjórnandinn sem gegnir þeirri stöðu. Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistarfjölskyldu og faðir hans, Paul Tortelier, var einn mesti sellóleikari Frakklands á 20. öld. Yan Pascal hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfræði og kontrapunkti hjá Nadiu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Tónlistarháskólann í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Filharmóníuhljómsveit Lundúna. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarstjórnandi Orchestre National du Capitole de Toulouse.

Tortelier var síðan aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljómsveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-filharmóníunnar á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgestastjórnandi Pittsburgh-sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgestastjórnandi hennar.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar. Þar má meðal annars nefna Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam, Tékknesku filharmóníuna, Filharmonien í Ósló, Filarmonica della Scala í Mílanó, Philadelphia Orchestra, Filharmóníuhljómsveitirnar í Lundúnum, Sankti Pétursborg og Los Angeles og sífóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og Montreal.

Tortelier hefur um langt árabil starfað fyrir Chandos-útgáfunna og hljóðritað fjöldamörg verk, einkum með Ulster-hljómsveitinni og BBC-filharmóníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsetning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux.



NIKOLAI LUGANSKY

EINLEIKARI

Rússneski píanóleikarinn Nikolai Lugansky er einn fremsti píaníasti sinnar kynslóðar. Hann er fæddur í Moskvu árið 1972 og fimm ára gamall lék hann píanósónötu eftir Beethoven eftir heyrn, áður en hann hafði lært að lesa nótur. Hann lærði síðar við Tónlistarháskólann í Moskvu, þar sem Tatjana Nikolaeva var meðal kennara hans.

Lugansky komst ungur að árum á sigurpall í hinum ýmsu píanókeppnum. Hann hlaut til dæmis silfurverðlaun í alþjóðlegu Bach-keppninni í Leipzig 1988, Rakhmanínov-keppninni í Moskvu 1990 og Tsjajkovskij-keppninni 1994. Hann hefur komið fram með flestum helstu hljómsveitum og hljómsveitarstjórum heims, meðal annars Riccardo Chailly, Kurt Masur, Valerij Gergíev og Mikhaíl Pletnev.

Meðal hápunkta Luganskys á síðasta tónleikaári voru frumraun hans með Berlínarfílharmoníunni, þar sem hann lék Paganini-tilbrigði Rakhmanínovs, auk tónleika með Hátíðarhljómsveitinni í Búdapest og Sínfóníuhljómsveitunum í Boston og San Francisco. Í ár leikur Lugansky alla píanókonserta Prokofievs með Þjóðarhljómsveit Skotlands til að minnast þess að 125 ár eru liðin frá fæðingu tónskáldsins. Hann á einnig í vændum einleikstónleika í Wigmore Hall í Lundúnum, Konzerthaus í Berlín og Vínarborg, og sal Tónlistarháskólans í Moskvu.

Lugansky hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir hljómdiska sína. Hann hefur hljóðritað m.a. fyrir Deutsche Grammophon og Warner Classics en er nú samningsbundinn Naïve-forlaginu. Diskur hans með píanósónötum Rakhmanínovs vann bæði Diapason d'Or og ECHO Klassik-verðlaunin, og hljóðritun hans á píanókonsertum Griegs og Prokofievs var valin einn af diskum mánaðarins hjá Gramophone. Nýjasta hljóðritun hans er píanósónata í c-moll og smærri verk eftir Schubert. Lugansky var útnefndur Þjóðarlistamaður Rússlands árið 2013 og er prófessor í píanóleik við Tónlistarháskólann í Moskvu.



SERGEJ RAKHMÁNÍNOV

PÍANÓKONSERT NR. 3

Sergej Rakhmaninov (1873–1943) stóð á hátindi frægðar sinnar þegar hann setti tvískrik aftan við þriðja píanókonsert sinn árið 1909. Fáir snerust honum snúning við hljómborðið en tónsmíðar áttu huga hans í æ meiri mæli. Með andláti Rimskíj-Korsakoffs árinu áður hafði skapast ákveðið tómarúm í rússneskri tónsköpun og hægur leikur fyrir hæfileikamann að ná athygli með verkum sínum; enn voru nokkur ár þar til þeir Stravinskíj og Prokofiev vöktu heimsathygli. Á þessu millibils-skeiði taldist Rakhmaninov til helstu tónskálda álfunnar í eina skiptið á ferli sínum. Þegar leið á annan áratug 20. aldarinnar viku tónsmíðarnar smám saman fyrir píanóleik. Konsertferðalög voru öruggari leið til að sjá fyrir fjölskyldu, og tónsmíðastíll hans féll sífellt verr að ríkjandi straumum og stefnum. Þegar Rakhmaninov lést árið 1943 litu margir á tónlist hans sem stórfenglega tímaskekkju, ótímabært afturhvarf til rómantíkur í heimi þar sem allt hverfðist um andstæða póla nýklassíkur og raðtækni – Stravinskíjs og Schönbergs.

Rakhmaninov samdi þriðja konsertinn fyrir fyrstu tónleikaferð sína til Bandaríkjanna haustið 1909. Ferðin var nokkur ár í undirbúningi og um skeið virtist sem yrði að aflýsa öllu saman, en þegar síðustu hindrunum var rutt úr vegi í júlí var píanistinn langt kominn með konsert sem skyldi sýna allar hans bestu hliðar. Hann lauk við nýja verkið í september og sigldi vestur um haf skömmu síðar. Að mörgu var að huga síðustu vikurnar áður en lagt var úr höfn og tími til æfinga af skörum skammti, og því fór svo að Rakhmaninov hafði strengjalaust hljómborð meðferðis til að geta æft einleikspartinn á siglingunni vestur um haf. Frumflutningurinn fór fram í nóvemberlok með New York Symphony Orchestra undir stjórn Walters Damrosch, og ekki liðu nema tveir mánuðir þangað til tónskáldið lék konsertinn aftur á sömu slóðum, þá með hinni stóru hljómsveit borgarinnar – Fílharmóníuhljómsveitinni í New York undir stjórn Gustavs Mahler.

Þriðji píanókonsertinn hefur löngum verið talinn gera meiri tækniröfufur en nokkur annar píanókonsert í rómantískum stíl. Þetta skrifast á hnauspýkkan píanópartinn sem og lengd verksins, því að þrjár stundarfjórðungar af slíkri spilamennsku hljóta að teljast jafngildi maráþonhlaups og gott betur. Þótt viðtökurnar hafi almennt verið góðar í Ameríkufærðinni 1909–10 leið allnokkur tími þar til konsertinn festi sig í sessi. Sergei Prokofiev

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það var hinn 27 ára gamli Vladimir Ashkenazy sem flutti þriðja píanókonsert Rakhmaninovs fyrstur manna á Íslandi árið 1964 undir stjórn Igors Buketoff. Síðan hafa fetað í fótspor hans Barbara Nissman (1976), Dmitris Sgouros (1987), Þorsteinn Gauti Sigurðsson (1993), Olli Mustonen (1994), Denis Matsuev (2001) og Víkingur Heiðar Ólafsson (2007 og 2011).

heyrði konsertinn í Moskvu og kvað upp þann dóm að hann væri „þurr, erfiður, og óaðlaðandi“. Það var ekki fyrr en Vladimir Horowitz tók konsertinn á efnisskrá sína um 1930 sem hann náði verulegum vinsældum, en þó var hann iðulega fluttur í stytta formi allt fram á sjöunda áratug síðustu aldar.

„Það skrifaði sig sjálf,“ sagði höfundurinn um upphafsstefið fræga sem er með rússneskum blæ og minnir jafnvel á messusöng rétttrúnaðarkirkjunnar. Byrjunin er látlaus og stefið hljómar einradda í píanóinu, en ekki líður á löngu þar til Rakhmanínov hrekkur í virtúósagírinn. Kadensa fyrsta þáttar er óvenju stórbrotin. Raunar samdi Rakhmanínov tvær ólíkar kadensur og lét einleikaranum eftir að velja úr. Hægi kaflinn hefst á undurbliðu stafi sem er vel þegin hvíld frá hamagangi fyrsta þáttar. Jafnvel hér kemst tónlistin þó á eftirminnilegt flug, ekki síst í valsinum undir lok kaflans. Eldri stef skjóta upp kalli í lokapættinum sem verður stöðugt hraðari eftir því sem á líður, og kastar þar fyrst tólfunum hvað varðar ljóshraðahlaup og almenna fingrafimi píanistans.



MAURICE RAVEL

DAFNIS OG KLÓI

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur þrisvar áður flutt Dafnis og Klói í heild, undir stjórn Jean-Pierres Jacquillat (1981 og 1986) og Evu Ollikainen (2010), og sungu Hamrahlíðarkórarnir með í öll skiptin. Þá hefur hljómsveitin flutt svítturnar tvær án kórs undir stjórn Rumons Gamba (2006). Auk þess hefur síðari svítan hljómað tvisvar á tónleikum, undir stjórn Karstens Andersen haustið 1973 og Petris Sakari tveimur áratugum síðar. Fílharmoníuhljómsveit Berlínar lék seinni svítuna úr Dafnis og Klói undir stjórn Simons Rattle í Eldborg árið 2012.

Allt gekk á afturfótunum hjá Rússneska ballettinum, *Ballets Russes*, í París á útmánuðum 1912. Heil fimm ár voru liðin frá því að ballettstjórinn Sergei Diaghílev pantaði tónlist frá Maurice Ravel (1875–1937), við söguna um hina fögru Klói sem var rænt af stigamönnum en bjargað að lokum. Diaghilev kallaði hina færustu menn til samstarfsins eins og hans var von og vísa. Mikhail Fokine samdi dansana, Leon Bakst hannaði sviðsmynd, Vaslav Nijinskíj og Tamara Karsavina fóru með aðalhlutverkin. Þó gekk smíði verksins ekki vandræðalaust fyrir sig. Ravel bar sig illa í bréfi til vinar síns: „Þessi vika var hreinasta sturlun. Ég vinn til klukkan þrjú hverja nótt. Það flækir málin að Fokine talar ekki stakt orð í frönsku, og ég kann ekkert í rússnesku nema blótsyrði. Þú getur ímyndað þér andrúmsloftið.“ Höfundarnir áttu í stöðugum erjum og um tíma leit út fyrir að Diaghilev myndi hætta við allt saman. Dansararnir botnuðu líka ekkert í tíðum taktskiptum lokakafans – og áttu þeir þó fyrst eftir að komast í hann krappann ári síðar, þegar þeir stigu dans í *Vorblóti* Stravinskíjs við almenna skelfingu Parísarbúa.

Frumskýningin á *Dafnis og Klói* fór fram 8. júní 1912, tíu dögum eftir að ballett Nijinskíjs við hljómsveitarverk Debussys, *Síðdegi skógarpúkans*, var sýndur í fyrsta sinn. Ballett Ravels féll fyrst um sinn í skuggann af klámfengnum tilburðum skógarpúkans sem vöktu umtal og hneykslun víða um lönd. Í ofanálag var hljómsveitin illa æfð og margt gekk ekki sem skyldi. Ekki leið þó á löngu þar til áheyrendur tóku ástföstri við hina litríku og hrífandi tónlist Ravels enda er *Dafnis og Klói* eitt hans allra besta verk – og er þá mikið sagt.

Atburðarásin í *Dafnis og Klói* er fengin úr sögu forngríska höfundarins Longusar, en Fokine og Ravel löguðu hana að þörfum ballettsins. *Dafnis og Klói* voru bæði yfirgefin sem unga börn á eyinni Lesbos þar sem góðviljaðir fjárhirðar ólu þau upp. Þau fella hugi saman, en sjóræningjar taka land á eyinni og nema Klói á brott. Það er sjálfur Pan, guð fjárhirðanna, sem kemur henni til bjargar og ballettinum lýkur með miklum fögnuði þegar *Dafnis og Klói* heita hvort öðru ævarandi ást.

Ballettinn hefst á dulúðlegri skógarstemningu sem Ravel fangar fullkomlega með ljúfri tónlist sinni. *Dafnis og Klói* færa skógardísunum fórnir og dansarar umkringja þau. Fjárhirðirinn Dorcon leggur ást á Klói og reynir að kyssa hana. Þeir *Dafnis*

stíga dans til að keppa um hylli hennar og allir hrífast meira af þokkafullum sporum Dafnisar. Hann fær koss sinnar heittelskuðu að launum, en skyndilega heyrast bardagahljóð. Sjóráningjar hafa tekið upp á því að fanga ungar stúlkur og þeim tekst að ræna Klói. Dafnis fellur í ómegin við þessa óvæntu atburði. Skógardísirnar vakna til lífsins og leggja á ráðin með Dafnis um að bjarga fórnarlömbunum úr klóm ræningjanna.

Þegar tjaldið ris við upphaf annars þáttar hlaupa sjóráningjar um með góss sitt og kyndla. Ógnvænlegur stríðsdans þeirra leiðir hugann að *Vorblóti* Stravinskis, sem var einmitt í smíðum um það leyti sem ballett Ravel var fyrst fluttur. Ravel laðar fram villimannlegt eðli sjóráningjanna með þungbúnnum þrástefjum og áhrifamikilli notkun slagverks og málmblásturshljóðfæra. Klói reynir hvað eftir annað að losna úr þrúundinni en að lokum er það Pan sem skekur jörðina og skelfir ræningjanna sem leggja á flótta.

Í þriðja þætti kemur sólin upp í mögnuðum hljómsveitarkafli þar sem náttúran vaknar til lífsins við fuglasöng. Fjárhirðarnir vekja Dafnis sem enn er uggandi um afdrif sinnar heittelskuðu. Að lokum birtist Klói og þau fallast í faðma. Aldni fjárhirðirinn Lammon segir frá því að Pan hafi bjargað Klói í minningu skógardísarinnar Syrinx, sem hann felldi eitt sinn hug til. Þegar Pan snerti Syrinx breytti hún sér í reyr, sem Pan safnaði saman og gerði úr flautu. Dafnis og Klói dansa ballett við söguna af Pan og Syrinx við ástleitna og seiðandi flaututóna. Að lokum stíga elskendurnir fram fyrir altari skógargyðjanna og heita hvort öðru ævarandi ást. Ballettinum lýkur með æsilegum lokadansi í fimmskiptum takti, þar sem andstuttar hendingar hljómsveitarinnar gefa til kynna frygðarstunur elskendanna.

Balletttónlistin, sem Ravel kallaði „kóreógrafíska sinfónía í þremur hlutum“, tekur í heild um klukkutíma í flutningi og er víðamesta hljómsveitarverk hans. Til að tryggja tíðari flutning verksins sauð Ravel saman tvær styttri hljómsveitarsvítur sem heyrast oftast í tónleikasölum heimsins en ballettinn í heild. Í kvöld heyrast eins konar millistig, heildarballettinn í lítið eitt styttri útgáfu. Yan Pascal Tortelier hafði sjálfur umsjón með þessari styttingu verksins og hljómar hún hér í fyrsta sinn.

Arni Heimir Ingólfsson

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

8. SEPTEMBER 2016

1. FIDLA

Nicola Lolli
Hulda Jónsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Andrzej Kleina
Hildigunnur Halldórsdóttir
Mark Reedman
Zbigniew Dubik
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Lin Wei
Ágústa María Jónsdóttir

2. FIDLA

Joaquín Páll Palomares
Vera Panitch
Roland Hartwell
Greta Guðnadóttir
Þórdís Stross
Gunnhildur Daðadóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Christian Diethard
Dóra Björgvinsdóttir
Pascal La Rosa
Kristín Björg Ragnarsdóttir

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Daniel Schmitt
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Móeiður Sigurðardóttir

Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sigurveinsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lóvís Fjeldsted
Inga Rós Ingólfssdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Borgar Þór Magnason

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Martial Nardeau
Björg Brjánsdóttir

ÓBÓ

Felicia Greciuc
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson
Ármann Helgason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason

Bryndís Þórsdóttir
Darri Mikaelsson

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Frank Aarnink

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Árni Áskelsson
Ólafur Hólm Einarsson
Kjartan Guðnason
Pétur Grétarsson
Emil Þorri Emilsson
Helgi Þorleiksson
Þorvaldur Þór Þorvaldsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Osmo Vänskä *aðalgestastjórnandi*
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Jökull Torfason *umsjónarmaður nótna*

Á DÖFINNI

FIM 15 SEP 19:30



TETZLAFF-TVÍEYKIÐ SPILAR BRAHMS

Systkinin Christian og Tanja Tetzlaff eru meðal fremstu tónlistarmanna Þýskalands. Þau hafa áður leikið hvort í sínu lagi með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Nú snúa þau aftur með tilfinningaþrunginn tvíkonsert Brahms í farteskinu, síðasta hljómsveitarverk meistarans. Aðalgestastjórnandi hljómsveitarinnar, Osmo Vänskä, mundar einnig sprotann í Lýriskri svítu eftir Pál Ísólffsson og sínfóníu nr. 2 eftir Nielsen.

FIM 22 SEP 19:30



UPPÁHALDS ARÍUR

Sinfóníuhljómsveit Íslands býður til óperuveislu þar sem heims kunnar aríur, dúettar og tríó hljóma ásamt vinsælum óperuforleikjum. Meðal þess sem hér hljómar eru dúettinn úr Perluköfurum Bizets, aríur úr Tannhäuser og Madama Butterfly, bátssöngurinn úr Ævintýrum Hoffmanns og kvartettinn frægi úr Rigoletto. Einsöngvarar eru allir í fremstu röð íslenskra söngvara og hljómsveitarstjóri er Leo Hussain sem hefur stjórnað við mörg af frægustu óperuhúsum heims.

SUN 25 SEP 17:00



UNGSVEITIN LEIKUR TSJAJKOVSKÍJ

Eitt mikilvægasta hlutverk sínfóníuhljómsveita um allan heim er að miðla þekkingu sinni og áhuga til nýrra kynslóða hljóðfæraleikara. Frá árinu 2009 hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman árlega undir merkjum Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og náð undraverðum árangri. Eivind Aadland stjórnar hljómsveitinni öðru sinni, nú í einu glæsilegasta hljómsveitarverki Tsjajkovskíjs, hinni magnþrungnu fimmtu sínfóníu.



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Feðgarnir Martial Nardeau og Matthías Nardeau vinna vinnuna sína með lungum og munni.

Matthías: Annars er ég mjög feginn að það hlýnaði í vikunni. Blöðin eru svo viðkvæm fyrir frostinu.

Martial: Einmitt, það eru alltaf sömu vandræðin með ykkur óbóleikara og þessi blöð. **Matthías:** En hvað með pikkólóflautuna, er hún ekkert að springa?

Það er talsvert mikið loft í meðlimum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og sumir þeirra vinna hreinlega við að dæla því út í heiminn í gegnum rör, pípur og ventla. Hljóðfæri þeirra feðga, Martials og Matthíasar Nardeau, tilheyra bæði tréblástursdeild hljómsveitarinnar, þó að annað þeirra, þverflautan, sé reyndar yfirleitt úr málm.

Óbóíð er viðkvæmt hljóðfæri sem gerir miklar kröfur til óbóleikara sem yfirleitt eru í stanslausum vandræðum með svokölluð „blöð“ sem þeir blása í gegnum. Flautan á sér hins vegar langa hefð og hefur fylgt manninum um árbúsundir í ýmsum formum.

Martial Nardeau settist að með fjölskyldu sinni á Íslandi árið 1982, sama ár og Matthías fæddist suður í Frakklandi. Martial hefur lagt mikið til tónlistarlífsins hér á landi og ferðast víða til tónleikahalds. Matthías Nardeau er meðal unga fólksins í hljómsveitinni sem fer létt með að taka að sér viðkvæmar sólóströfur á mikilvægum augnablikum.



GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is